



SJÁLFBÆRNISTEFNA ÞÖRUNGAVERKSMIÐJUNNAR

Markmið stefnunnar eru framfarir á öflugum vinnustað, hvorki pappírslausn né heiðurs skjöl

Fyrst var stofnað til þang- og þaraburrkunar á Reykhólum, norðan Breiðafjarðar árið 1975. Frumkvæðið áttu Sigurður Hallsson og héraðsbændur en ríkið fjármagnaði verkefnið. Samkvæmt íslenskum lögum eru allar auðlindir sem finnast innan 60 faðma (115m) frá lægstu sjávarstöðu í eigu viðkomandi landeiganda þannig að þeir eru sjálfkrafa haghafar að nýtingu á hinum auðugu þara- og þangmiðum Breiðafjarðar.

Rannsóknir Karls Gunnarssonar á dreifingu, vexti, lífmassa og endurnýjun þara (*Laminaria hyperborea* og *Laminaria digitata*) fóru fram á níunda áratugnum og niðurstöður hans birtust í Tímariti Hafrannsóknastofnunar (Vol. 12,1) Reykjavík, 1991. Við stofnun Þörungavinnslunnar hf., var þegar ákveðið að aðlaga þörungaslátt að helstu niðurstöðum Karls og gera uppskeruhlé í að minnsta kosti 4 ár á hverju strandsvæði og greiða bændum auðlindarentu fyrir klóþang. Þarabreiður eru taldar þjóðareign í almenningi.

Þörungaverksmiðjan treystir ekki aðeins á endurnýjanlega þörungaskóginn heldur jafnframt þann jarðhita sem streymir úr berggrunni Reykhóla og enn fremur þjónustu, þekkingu og færni fólks sem býr á svæðinu.

Þörungaverksmiðjan hefur því sett sér eftirfarandi stefnu og stjórnkerfi til að ramma inn starfsemi sína og viðskipti. Helstu atriðin horfa til öryggis starfsmanna og nággranna, sjálfbærrar nýtingar náttúrugæða Jarðar sem og samfélagslegrar ábyrgðar í viðleitni sinni til traustrar starfsemi, ágæti afurða og verðmætrar atvinnusköpunar.

LEIÐARLJÓS

- Starfsemi og rekstur Þörungaverksmiðjunnar byggir á náttúrulegum, mannlegum, hagrænum og félagslegum gildum (hagrænir þættir, virðing gagnvart innviðum samfélagsins)
- Þörungaverksmiðjan er háð heilbrigðu, réttlátu og sanngjörnu samfélagi og leitast við að efla þau gildi meðal starfsmanna og mun styðja við þessi gildi innan og utan starfseminnar (samfélagsleg gildi)
- Þörungaverksmiðjan býður upp á verðmæt og þroskandi störf, með tækifærum til þjálfunar og menntunar, jafnvel iðnsveinasamningum (efling mannauðs)
- Þörungaverksmiðjan stefnir að virðisaukandi framleiðslu, lágmörkun sorps og fjölbreytni í afurðum sem kemur viðskiptavinum til góða (hagræn gildi, náttúrugæði)
- Þörungaverksmiðjan nýtir endurnýjanlegar auðlindir og virðir endurnýjunarhraða þeirra.

MARKMIÐ OG LEIÐIR

ÖRYGGI ALLTAF Í FYRIRRÚMI

Þörungaverksmiðjan rækir slysalausa starfsemi. Starfsfólk Þörungaverksmiðjunnar eru mestu verðmætin fyrir bæði samfélagið og atvinnulífið. Þess vegna er persónulegur öryggisbúnaður, aukin öryggisvitund og þjálfun í stöðluðum verklagsreglum þáttur í stöðugri aðgát og umbótum. Þörungaverksmiðjan líður ekki slys. Öll atvik og næstum óhöpp eru greind og rædd svo nýta megi þau sem lærdóm fyrir alla og forðast endurtekningu. Viðhald tækja, húsakosts og nærumhverfis er einnig á ábyrgð fyrirtækisins, enda láta starfsmenn vita hvar má gera betur.

MANNAUÐUR

Þörungaverksmiðjan býður starfsfólki upp á starfsmenntun, gestafyrirlestra og umræður sem hafa fræðslugildi. Þörungaverksmiðjan líður ekki einelti eða mismunun vegna trúar, kyns, þjóðerni eða litarháttar. Reykingar eru ekki leyfðar á meðan vinnu stendur og vímuefnaneysla er ekki liðin vegna almenns öryggis. Þörungaverksmiðjan býður upp á árlega heilsuskoðun og ráðgjöf um andlega og líkamlega heilsu. Allir starfsmenn halda sig við siðareglur sem þeir skrifa undir. Allir eru jafnir með hliðsjón af t.d. kyni, þjóðerni, trúarbrögðum, aldri eða persónulegum skoðunum.

FÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Andi Þörungaverksmiðjunnar um mikilvægi öryggis nær einnig til nærsamfélagsins. Stuðningur við að lágmarka áhættu og slys er því fastur liður í starfsemi Þörungaverksmiðjunnar. Þorverk gerir sér grein fyrir mikilvægi vinalags vinnustaðar og félagsskapar. Velkominn starfsmaður kemur glaður til vinnu. Daglegir starfsmannafundir geta því fjallað um hvers kyns sameiginleg mál sem starfsmenn leggja til. Tekið er á inngildingunni innflytjenda sem hafa annað móðurmál en íslensku á allan mögulegan hátt.

UMHVERFI OG AUÐLINDIR

Þörungaverksmiðjan gerir sér grein fyrir því að náttúrulegt heitt vatn sem rennur óhindrað frá Reykhólum er þjóðareign. Orka þess er aðeins í leigu til starfseminnar tímabundið en iðnverið ber fulla ábyrgð á því að nýta

Það á sjálfbæran hátt. Þörungaverksmiðjan mun standa vörð um þessa auðlind með það að markmiði að komandi kynslóðir geti nýtt hana óbreytta. Þörungaverksmiðjan styður rannsóknir sem auka almennan skilning á lífríki Breiðafjarðar, mat á áhrifum þörungatekju og úrvinnslu til að auka fjölbreytni og virði afurða úr stórbörungum, sérstaklega Laminaria og Asco. Einnig hefur Þörungaverksmiðjan stutt frumkvæði við rannsóknir og úrvinnslu þörungna á svæðinu.

Þang og þari á Breiðafirði er sömuleiðis endurnýjanleg náttúruleg auðlind. Þörungaverksmiðjan mun ekki ofnýta þessa auðlind og leitast við að vernda hana fyrir mannlegum athöfnum í hvaða mynd sem er. Þarfir annarra tegunda sem reiða sig á lífríki Breiðafjarðar sem búsvæði skulu virtar og verndaðar.

GRÆNT BÓKHALD

Þörungaverksmiðjan lætur utanaðkomandi sérfræðing halda grænt bókhald um starfsemi sína með það að markmiði að skilja þætti og áhrif starfseminnar. Þetta bókhald sem og afkoma kjarnastarfseminnar setur ramma fyrir frekari framfarir í því að virða náttúruleg mörk og góða starfshætti.

TÍMARAMMI OG ENDURSKOÐUN

Skammtíma markmið og aðgerðarlisti er endurskoðaður á tveggja ára fresti til þess að ná stöðugum, raunhæfum framförum. Aðgerðarlistinn kemur í forgangsröðun og er í höndum stjórnarteymis.

HLUTVERK ÁBYRGÐ ÞÁTTTAKA STJÓRNARTEYMIS

- Framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar og sér um að fylgjast með aðgerðalista og fylgja eftir árlegum markmiðum, kalla eftir endurskoðun, hugmyndum og miðlun til þeirra sem gegna hlutverki í stjórnunarteyminu.
- Verksmiðjustjóri ber ábyrgð á daglegum framkvæmdum, starfsmannastefnu, að réttindi starfsmanna séu virt og markmiðum heilbrigðis- og menntunarmála náð.
- Verkstæðistjóri hefur umsjón með orkunotkun, olíunotkun og efnageymslum
- Öryggisstjóri ber ábyrgð á markmiðum í forvörnum og aðgerðum í þjálfun, fyrirbyggjandi viðhaldi og öryggisferlum í allri starfsemi og sorpumsjón. Þeir úthluta daglegum, vikulegum og mánaðarlegum eftirlitshlutverkum og úttektum.
- Skipstjóri er öryggisvörður um borð í skipi og fylgist með uppskerusvæðinu
- Auðlindastjóri ber ábyrgð á eftirfylgni með umhverfis- og auðlindastjórnun, rannsóknum og frágangi og endurskoðun stefnu og markmiða. Skipstjóri og sláttumenn eru mikilvægir heimilda- og aðstoðarmenn um stöðu og umgengni við auðlindir í hafi.

SAMSKIPTI OG KYNNINGAR

Öllum ber skylda til að dreifa og ræða stefnu, áætlunum, framþróun. Einnig að koma athugasemdum á framfæri. Allir starfsmenn fá að tjá sig frjálsllega um hvers kyns áhyggjur eða góðar hugmyndir við yfirmenn sína og trúnaðarmann. Hægt er að taka fyrir efni á daglegum morgunfundum, vikulegum öryggisfundum eða formlegum eða óformlegum upplýsingafundum um hvaða málefni sem er; stefnuna, stjórnun og starfshætti og hjálpa til við aðlögun að öruggri starfsemi.

VIÐURKENNINGAR, VERÐLAUN OG ÞAKKIR

Þörungaverksmiðjan hefur hlotið viðurkenningu fyrir framúrskarandi og öruggan rekstur, góða viðskiptahætti og forystu í sjálfbærri auðlindanýtingu. **Markmiðið er ekki pappírson og heiðurspeningar heldur stöðugar framfarir á öflugum vinnustað.**

ÍTAREFNI

Hallsson S. Brúnþörungaiðnaður í Skotlandi.; 1957.

Hallsson S. *Þang Og Þaraiðnaður á Íslandi (Síðari Hluti)*.; 1958.

Hallsson S. *Þang- Og Þaraiðnaður á Íslandi, Stutt Yfirlit Yfir Rannsóknir Hérlendis.*; 1959.

Gunnarsson K. Populations de Laminaria hyperborea et Laminaria digitata (Phéophycées) dans la baie de Breiðafjörður, Islande. Rit Fiskid (Journal Mar Res Inst). 1991;XII(1):7-147.

Rebeka Hilmarsdóttir. Eignarráð landeiganda sjávarjarða að auðlindum innan netlaga (Landowners right to resources in the net zone). Published online 2010. <https://skemman.is/handle/1946/7460>

EFNISYFIRLIT

Leiðarljós.....	2
Markmið og leiðir	2
Öryggi alltaf í fyrirrúmi.....	2
Mannauður	2
Félagsleg ábyrgð	2
Umhverfi og auðlindir	2
Grænt bókhald.....	3
Tímarammi og endurskoðun	3
Hlutverk ábyrgð þátttaka stjórnarteymis	3
Samskipti og kynningar	3
Viðurkenningar, verðlaun og þakkir	3
ítarefni	4